

18. júlí 2026

Tillaga um fullmislæg gatnamót við Breiðholtsbraut og Arnarnesveg

Bæjarráð samþykkir að fela bærarstjóra að hefja þegar viðræður við Vegagerðina og Reykjavíkurborg um frumathugun á fullmislægri útfærslu gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar, þar sem umferð geti flætt án ljósastýringar.

Viðbrögð Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, ásamt tillögu bærarstjóra að næstu skrefum, verði lögð fyrir bæjarráð eigi síðar en 1. október 2026.

Greinargerð

Bærarstjóri Kópavogs hefur lýst ástandinu við gatnamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar sem ólíðandi og talið að skoða þurfi endurgerð þeirra. Rétt er að fylgja þeim orðum eftir með formlegum hætti.

Þótt umferðarflæði kunni að batna þegar framkvæmdum lýkur og ljósastýring verður fínstillt er fyrirséð að grunnvandinn verði áfram. Ljósastýrðar tengingar takmarka afkastagetu gatnamótanna en fullmislæg gatnamót tryggja að öðru jöfnu greiðara og stöðugra umferðarflæði.

Með nýjum meirihluta í Reykjavíkurborg ættu nú að vera betri forsendur fyrir samstarfi Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Vegagerðarinnar um varanlega lausn.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 23.08.2026